

35. Haukholtsvirkjun

Inntaksstífla í Hvítárgljúfrum við býlið Haukholt. Hvítá er stífluð við Haukholt í Hvítárdal. Þessar áætlanir eru komnar til ára sinna og því ber að taka kostnaðartölur með fyrirvara. Gert var ráð fyrir Sandvatnsveitu og miðlun í Hvítárvatni. Stærð miðlunar í Hvítárvatni er langt yfir því sem ásættanlegt er umhverfislega í dag. Skoða þarf minni miðlun í Hvítárvatni sem myndi leiða af sér minni orkugetu og hækka hagkvæmnitöluna. Einnig þyrfti að skoða nýja staðsetningu stíflu sem myndi hlífa Brúarhlöðum við að lenda undir lóni.